

## ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 64/2018

frá 23. mars 2018

### um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 345/2013 frá 17. apríl 2013 um evrópska áhættufjármagnssjóði <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 346/2013 frá 17. apríl 2013 um evrópska félagslega framtakssjóði <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 593/2014 frá 3. júní 2014 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar form tilkynninga samkvæmt 1. mgr. 16. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 345/2013 um evrópska áhættufjármagnssjóði <sup>(3)</sup>.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 594/2014 frá 3. júní 2014 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar form tilkynninga samkvæmt 1. mgr. 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 346/2013 um evrópska félagslega framtakssjóði <sup>(4)</sup>.
- 5) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi er bætt við á eftir lið 31bcaí (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2042) í XI. viðauka við EES-samninginn:

„31bd. **32013 R 0345**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 345/2013 frá 17. apríl 2013 um evrópska áhættufjármagnssjóði (Stjtið. ESB L 115, 25.4.2013, bls. 1).

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 115, 25.4. 2013, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 115, 25.4. 2013, bls. 18.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 165, 4.6. 2014, bls. 41.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 165, 4.6. 2014, bls. 44.

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Þrátt fyrir ákvæði bókunar 1 við samning þennan, og sé ekki kveðið sé á um annað í samningi þessum, ber að skilja hugtökin „aðildarríki(n)“ og „lögbær yfirvöld“ þannig að þau taki, til viðbótar við merkingu þeirra í reglugerðinni, til EFTA-ríkjanna og lögbærra yfirvalda þeirra, í þeirri röð.
- b) Í 22. og 23. gr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á“ bætt við á eftir orðinu „ESMA“.
- c) Orðin „EES-samninginn“ koma í stað orðanna „lög Sambandsins“ í 2. mgr. 23. gr.
- d) Í 24. gr. koma orðin „ESMA, sem“ í stað orðanna „ESMA. ESMA, eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á“.

31bda. **32014 R 0593**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 593/2014 frá 3. júní 2014 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar form tilkynninga samkvæmt 1. mgr. 16. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 345/2013 um evrópska áhættufjármagnssjóði (Stjtíð. ESB L 165, 4.6.2014, bls. 41).

31be. **32013 R 0346**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 346/2013 frá 17. apríl 2013 um evrópska félagslega framtakssjóði (Stjtíð. ESB L 115, 25.4.2013, bls. 18).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Þrátt fyrir ákvæði bókunar 1 við samning þennan, og sé ekki kveðið sé á um annað í samningi þessum, ber að skilja hugtökin „aðildarríki(n)“ og „lögbær yfirvöld“ þannig að þau taki, til viðbótar við merkingu þeirra í reglugerðinni, til EFTA-ríkjanna og lögbærra yfirvalda þeirra, í þeirri röð.
- b) Í 23. og 24. gr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á“ bætt við á eftir orðinu „ESMA“.
- c) Orðin „EES-samninginn“ koma í stað orðanna „lög Sambandsins“ í 2. mgr. 24. gr.
- d) Í 25. gr. koma orðin „ESMA, sem“ í stað orðanna „ESMA. ESMA, eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á“.

31bea. **32014 R 0594**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 594/2014 frá 3. júní 2014 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar form tilkynninga samkvæmt 1. mgr. 17. gr. reglugerðar

Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 346/2013 um evrópska félagslega framtakssjóði (Stjtið. ESB L 165, 4.6.2014, bls. 44).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 345/2013 og (ESB) nr. 346/2013 og framkvæmdarreglugerða (ESB) nr. 593/2014 og (ESB) nr. 594/2014, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. mars 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. mars 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Claude Maerten***

formaður.

---

(\*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.